

**Dr. Hafdís Ingvarsdóttir og dr. Guðrún Geirsdóttir**

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**  
**Úttekt**

**Júní 2010**

Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, vor 2010

©Dr Hafdís Ingvarsdóttir og dr. Guðrún Geirsdóttir  
Fjölbrautarskóli Suðurnesja, úttekt.  
Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

## Helstu niðurstöður

- Fjölbrotaskóli Suðurnesja starfar innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla
- Menntunarsýn skólans er mjög skýr
- Stjórnun skólans er mjög skilvirk og samband og samskipti milli núverandi skólastjórna, kennara og nemenda eru afar góð
- Skólinn er mjög meðvitaður um það hlutverk sitt að þjóna þörfum nærsamfélagsins og hafa áhrif á menntunarstig þess.
- Nemendum og starfsmönnum líður vel í skólanum og samskipti sögð góð.
- Kennarar sjá skólann sem góðan vinnustað og starfsmannavelta er mjög lítil.
- Einn meginstyrkur skólans er hversu mikið hann leggur sig fram að koma á mótis við þarfir breiðs nemendahóps.
- Stærð skólans gerir kleift að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem flestir nemendur ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Langstærstur hópur starfsmanna er með viðurkennd starfsréttindi eða í réttindanámi.
- Mat skólans á innra starfi er reglubundið, metnaðarfullt og mjög vel skipulagt.
- Innan skólans er unnið að ýmsum skólaþróunarverkefnum.
- Skólahúsnæði er nýlega endurnýjað og er aðstaða hin ágætasta svo og tækjabúnaður.
- Brottfall nemenda og hversu seint nemendur brautskrást er áhyggjuefni.
- Bæta má eftirfylgni með niðurstöðum kannana.
- Beita mætti fjölbreyttari aðferðum við sjálfsmatið.
- Efla þarf faglega forystu í kennsluþróun og símenntun.
- Ýta má undir fjölbreyttara námsmat.
- Gæta þarf þess að nýir kennarar og kennarar sem ekki koma vel út úr mati eigi kost á kennslufræðilegum stuðningi.



## Efnisyfirlit

Mat á Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....	6
1. Gögn og aðferðir .....	7
2. Um Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....	8
3. Niðurstöður úttektar .....	8
3.1. Stefna skólans .....	8
Kvöldskólinn .....	9
Samstarf við grunnskóla .....	10
3.2 Húsnæði og aðstaða .....	10
3.3 Stjórnendur, stjórnskipulag og stjórnun .....	11
Stjórnun – sýn starfsmanna .....	13
3.4. Stoðþjónusta við nemendur .....	13
3.5. Nám og kennsla .....	15
Fjölbreytt námsval fyrir breiðan hóp nemenda .....	15
Kennsluhættir .....	16
Viðhorf nemenda til kennslu .....	16
Stoðtímar .....	17
3.6. Skólaþróun .....	18
3.7. Innra mat á gæðum skóla .....	19
Sjálfsmat .....	19
Kennarakönnun .....	19
Úrvinnsla og endurbætur .....	20
Móttaka nýrra kennara .....	20
3.8. Nemendur .....	21
Fjöldi nemenda og brottfall .....	21
Viðhorf nemenda til skólans .....	21
3.9. Kennarar og starfsfólk .....	22
3.10. Samskipti og skólabragur .....	23
3.11. Styrkur FS og það sem betur má fara .....	24
Styrkur skólans .....	24
Það sem betur má fara .....	25
Lokaorð .....	26
Viðauki 1: Námbrautir við Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....	27

## Mat á Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Hér á eftir verða settar fram niðurstöður úttektar á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) sem unnin var að beiðni Menntamálaráðuneytis í apríl og maí 2010. Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Við matið var einkum lögð áhersla á skoða eftirfarandi þætti skólastarfs: Stefnu skóla og stjórnun, stoðþjónustu, aðstöðu nemenda og kennara, kennsluhætti, þróunarstarf, samskipti og starfsanda, viðhorf nemenda og starfsfólks til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt var lagt mat á hvernig innra mat skólans er hagað og hvernig það nýtist til umbótastarfs.

Eftirfarandi meginspurningar voru lagðar til grunvallar matinu:

- Starfar skólinn innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla?
- Hvað einkennir einkum stjórnun skólans?
- Hvað einkennir samstarf og samskipti innan skólans svo og skólans og nærsamfélags hans?
- Hvað einkennir náms- og kennsluhætti innan skólans þar með talið námsmat?
- Hver eru viðhorf stjórnenda, kennara og nemenda til skólastarfs og gæða þess?
- Hvaða leiðir eru farnar til að stuðla að umbótum og skólaþróun?

Skipulag skýrslu er eftirfarandi. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir þeim gögnum sem aflað var og aðferðum sem beitt var við matið. Í öðrum kafla er að finna lýsingu á Fjölbrautaskóla Suðurnesja, sérstöðu hans svo og fjölda nemenda og starfsmanna. Niðurstöður eru settar fram í kafla þrjú sem skiptist í níu undirkafla þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir stefnu skólans, húsnaði, aðstöðu, stjórnun og rekstri, stoðþjónustu við nemendur, kennsluháttum, skólaþróun og mati á gæðum skólastarfs, nemendahópi skólans, kennurum hans og samskiptum innan skóla. Að lokum er gerð grein fyrir styrk skólans og því sem betur má fara.

Höfundar skýrslu vilja þakka skólastjórnendum, öðru starfsfólki og nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja góðar móttökur svo og alla aðstoð þeirra sem lögðu okkur lið við matið.

# 1. Gögn og aðferðir

Til að afla gagna við mat á Fjölbrautaskóla Suðurnesja voru tekin viðtöl við fulltrúa ólíkra hagsmunahópa, farið í vettvangsheimsóknir í skólann á skólatíma og rýnt í rituð gögn frá skólanum og menntamálaráðuneyti.

Viðtöl voru tekin í húsnæði skólans við eftirfarandi aðila:

- Skólameistara
- Aðstoðarskólameistara
- Fulltrúa kennara (4)
- Námsráðgjafa
- Sjálfsmatsfulltrúa (4)
- Fulltrúa nemenda (3)
- Umsjónarmann kvöldskóla

Viðtöl voru öll utan eitt tekin upp í húsnæði skólans, þau afrituð með leyfi viðmælenda og hljóðskrár síðan eytt.

Vettvangsathuganir voru farnar í skólann til að afla upplýsinga um aðstæður til kennslu, vinnuaðstöðu kennara og nemenda, aðbúnað til kennslu og skynja andblæ skólans.

Rituð gögn sem voru skoðuð sérstaklega eru eftirfarandi:

- Kennarahandbók
- Sjálfsmatsskýrslur
- Sjálfsmatshringur fyrir 2010-2013
- Skólasamningur 2010-12 (drög)
- Skólasamningur 2006-2008
- Skýrslur með niðurröðum sjálfsmats og kannana
- Kynning fyrir grunnskólanemendum
- Skóladagatal 2009-2010
- Upplýsingar um starfsmenn
- Lýsingar á nýjum námsbrautum
- Viskustykkið (skólablað nemenda)
- Fréttabréf stjórnenda (Andapóstur)
- Sýnishorn af áfangalýsingum
- Áfangalýsingar
- Skólaskýrsla 2008-2009

- Fundargerðir skólanefndar FSS 2009-2010
- Auk ýmissa upplýsinga af heimsíðu skólans en hún er til fyrirmyndar.

## 2. Um Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er framhaldsskóli staðsettur í Reykjanesbæ og þjónar fyrst og fremst því svæði þ.e. Suðurnesjum. Hann var stofnaður haustið 1976. Skólinn var upphaflega rekinn af fimm sveitarfélögum á Suðurnesjum í samstarfi við ríkisvaldið en 1990 tók ríkið alfarið við skólanum. Skólinn reynir að koma til móts við þann breiða hóp sem skólann sækir með því að bjóða upp á afar mikið og fjölbreytt námsval bæði bóklegt nám, iðn- starfs- og listnám auk þess sem skólinn leggur sig fram við að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og býður auk almenns verk- og bóknáms upp á braut fyrir afburðanemendur, starfsbraut fyrir fatlaða nemendur, fornám og almenna braut auk kvöldskóla.

Skólaárið 2009-2010 störfuðu við skólann 78 kennarar þar af 71 í fullu starfi og 13 aðrir starfsmenn. Í dagskóla voru 1100 nemendur á haustönn 2009 og 960 á vorönn 2010, nemendur 10. bekkjar voru um 140 og kvöldskólanemendur voru 130 á haustönn en um 80 á vorönn.

## 3. Niðurstöður úttektar

### 3.1. Stefna skólans

Skólinn er framhaldsskóli Suðurnesjamanna og gegnir veigamiklu hlutverki í samfélaginu á Suðurnesjum enda eru yfir 90% nemenda sem sækja skólann að jafnaði þaðan. Í viðtölum við stjórnendur og aðra starfsmenn kemur fram mjög skýr sýn á hlutverk skólans og framtíðarsýn sem þeir virðast deila og sú sýn endurspeglast einnig í rituðum gögnum skólans. Stjórnendur telja eitt helsta markmið skólans og framtíðarsýn vera að efla menntunarstig á svæðinu, vinna með viðhorf samfélagsins til menntunar, koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og veita öllum nemendum menntun við hæfi.

Framtíð og markmið skólans eru sett mjög skýrt fram á heimasíðu skólans á eftirfarandi hátt:

vera leiðandi og framsækin menntastofnun í námi og kennslu.  
vera fyrirmyndarmenntastofnun þar sem eftirsóknarvert er að vinna og læra.



vera öflugur skóli sem býður góðan undirbúning fyrir framhaldsnám og atvinnulífið.  
efla enn frekar metnað nemenda og starfsfólks.  
vera framarlega í rannsóknum á skólastarfi.  
efla enn frekar samstarf við grunnskóla á Suðurnesjum og stuðla að fljótandi skilum á milli skólastiga.  
vera í góðum tengslum við stofnanir og fyrirtæki.  
efla tengsl við innlendar og erlendar mennta- og rannsóknastofnanir.  
vera leiðandi í umræðum um skóla- og menntamál.  
vera með öflugt matskerfi til að mæla árangur.  
framkvæma reglulegt endurmat.  
efla tengsl við nemendur og reyna að mæta þörfum nemandans þar sem hann er

Sérstaða skólans er að hann er eini framhaldsskólinn á svæðinu og gegnir sem slíkur afar mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Hlutverk hans hefur orðið enn mikilvægara nú þegar atvinnuleysi herjar á en á þessu svæði er hæst hlutfall atvinnulausra (um 500 ungmenni á aldrinum 18-24 ára eru atvinnulaus).

Það er starfsmönnum skólans áhyggjuefni að hlutfall skólasóknar er lágt á svæðinu og hafa stjórnendur gert átak til að ná inn í skólann sem flestum nemendum og vinna með viðhorf almennings til menntunar. Þrátt fyrir óvenju mikið námsframboð við skólann er mikið brottfall nemenda stjórnendum og starfsmönnum áhyggjuefni. Einn liður í að draga úr brottfalli er að vinna að því að efla styttri námsbrautir svo sem Ferðaþjónustubraut I og II og Löggæslu og Björgunarbraut en slíkar brautir gætu gefið fleiri nemendum tækifæri til að ljúka fullgildu námi. Þeir nemendur geti svo komið aftur ef hugur þeirra stendur til frekara náms.

### **Kvöldskólinn**

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur um árbil verið starfræktur kvöldskóli til að efla menntunarstig og mæta ákveðinni þörf í nærsamfélaginu. Skólinn var lengst af mjög vel sóttur og þegar best lét voru þar um 400 nemendur. Á vorönn 2010 sækja 80 nemendur skólann en voru 120 á haustönn 2009. Nær allir nemendur koma af Reykjanesinu, flestir úr Reykjanesbæ.

Minnkandi aðsókn að Kvöldskólanum er m.a. rakin til þess að mögulegir nemendur sækja fremur í sex mánaða nám sem boðið er upp á við Símenntunarmiðstöðina og fari þaðan í Keili og geti á þann hátt orðið gjaldgeng í háskólanám eftir eitt og hálf ár. Umsjónar maður upplifir að vera í samkeppni við Símenntunarsstöð og Keili sem hafi samvinnu sín á milli. Í þessu ljósi veður athygli að sami maður situr í stjórn Keilis og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Aðsókn að dönsku hefur hins vegar aukist og er talið líklegt að það tengist flutningi fólks til Norðurlandanna.

Umsjónarmanni finnst sérkennilegt að ná ekki inn nægum nemendafjölda í meistaranám iðnaðarmann þegar svo mikið atvinnuleysi er á svæðinu. Þau sinni nú mest verknámi sem gengur um margt vel ekki síst húsasmíði og textíl.

Vegna fækkunar nemenda í kvöldskóla er bara einn kennari með umsjón hans og finnst erfitt að sinna verkefninu án samvinnu við aðra og er ósátt við aðstæður sínar. Umsjónarmaður telur að kvöldskólinn hafi enn mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu.

### **Samstarf við grunnskóla**

Undanfarin misseri hefur nokkuð stór hópur grunnskólanemenda úr sveitarfélaginu (120-150) átt þess kost að sækja nám í einstökum áföngum við skólann. Til að byrja með sóttu nemendur áfanga í sínum heimaskóla en síðustu misserin hafa þau mætt í FS sérskipulagða heilsársáfangum eða aðra hefðbundna áfanga. Á tíma úttektar hafði ráðuneyti ákveðið að hætta greiðslum til framhaldsskóla vegna nemendaígilda grunnskólanemenda og voru stjórnendur skólans mjög ósáttir við þá ákvörðum og töldu mikinn missi af þessu samstarfi við grunnskóla sveitarfélagsins. Nú hefur ráðuneytið ákveðið að koma á móts við skólann og greiða 45% af kostnaði vegna kennslu grunnskólanema.

### **3.2 Húsnæði og aðstaða**

Húsnæði skólans er í alla staði til fyrirmyndar. Góð aðstaða er fyrir nemendur og kennara og gott mötuneyti þar sem bæði kennarar og nemendur geta matast og fengið keyptan heitan mat ef þeir óska þess. Þar er allgott miðrymi eða salur fyrir nemendur sem mikið er notaður. Það rými er þó orðið allt of lítið fyrir þann nemendahóp sem skólann sækir og telja stjórnendur að kominn sé tími til að byggja við það. Kennarastofan er rúmgóð og vinnuaðstaða/básar eru fyrir alla kennara. Í skólanum er sérstök stjórnunarálma með skrifstofum fyrir stjórnendur auk fundarherbergis. Fyrir framan kennarastofu eru skrifstofur fyrir námsráðgjafa og forvarnarfulltrúa.

Bóklegar kennslustofur eru 35 og eru rúmgóðar auk þess er fjöldi sérstofa, tölvustofur, raungreinastofur o.s.frv. sem eru vel útbúnar. Vel er búið að iðnnámi og listnámi, vélakostur og tækjakostur góður að sögn kennara og sérstakt verknámshús hefur verið byggt. Athygli vekur að starfsbrautin fyrir fatlaða nemendur er miðsvæðis í skólanum og fram kemur bæði

hjá starfsmönnum og fulltrúum nemenda að áhersla er lögð á að nemendur á starfsbraut séu virkir þátttakendur skólasamfélagsins t.d. í félagslífi.

Bókasafn skólans er rúmgott og vistlegt og inn af því eru vinnuherbergi sem nemendur geta nýtt sér auk almennrar les- og tölvuaðstöðu.

### 3.3 Stjórnendur, stjórnskipulag og stjórnun

Eins og sjá má á skipuriti Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru stjórnskipulag skólans svipað og í öðrum sambærilegum framhaldsskólum. Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 og er hún skipuð fimm fulltrúum þar sem menntamálaráðherra skipar þrjá en sveitarfélög á Suðurnesjum tvo. Starfsmenn og nemendur eiga rétt á senda áheyrnarfulltrúa. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og eru fundargerðir hennar settar á heimsíðu skólans.

Í **skólaráði** skólans eiga sæti auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir fulltrúar kennara og tveir fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendafélagi skólans.

Skólameistari, aðstoðarskólameistara og áfangastjóri mynda stjórn skólans en að auki er að finna innan stjórnskipulags hans kennslustjóra og fjóra sviðsstjóra. Ofangreindir stjórnendur sitja auk bókasafnsfræðings svo kallaða vikulega andafundi (stjórnandafundi) og eru upplýsingar um fundarefni og umræður settar fram í Andapóstinum, einblöðungi sem birtur er starfsmönnum rafrænt en liggur að auki frammi á kennarastofu stuttu eftir hvern fund.

Stjórnendur töldu sig gera sitt besta til að koma upplýsingum á framfæri til allra starfsmanna skólans en bentu á að þrátt fyrir vikuleg fréttabréf og tölvusendingar heyrðust stundum raddir um að upplýsingaflæði mætti vera betra.

Námsgreinum skólans er skipt í fjögur svið þ.e. tungumálsvið, stærðfræði- og raungreinasvið, samfélags- og viðskiptasvið og tæknisvið og er **sviðstjóri** yfir hverju sviði í 25% starfi. Það hlutfall er í endurskoðun. Hlutverk sviðsstjóra er að leiða faglegt samstarf á sínu sviði og halda fundi með kennurum sviðs, taka á móti nýjum kennurum og vinna í samstarfi við aðra sviðstjóra. Sviðstjórar eiga að fylgjast með kennslu á sviðinu og stýra stefnumótun varðandi skólastarf t.d. að námskrá sé framfylgt, kennsluáætlanir séu birtar og að námsmat sé samræmt milli áfanga og í samræmi við námskrá og kennsluáætlanir. Þeir sinna auk þess fjölmörgum

öðrum kennslutengdum verkefnum, sitja vikulega andafundi með stjórnendum og gefa út Andapóstinn. Það er þeirra að vera tengiliðir kennara sviðsins við stjórnendur.

Stjórnendur skóla telja að stjórnkerfi hans virki almennt vel. Í viðtölum kom fram að sífellt er verið að huga að því hvernig megi sem best finna leiðir til að gera stjórnun skólans sem skilvirkasta og finna leiðir til að takast á við það mikla stjórnunarálag sem fylgir stórum og flóknum skóla. Ný stjórnunarstörf hafa verið sett á laggirnar til að styðja og styrkja við ólíka þætti skólastarfs og vægi eldri starfa hafa tekið breytingum. Þá hafa stjórnendur reynt að tryggja að allir starfsmenn svo og fulltrúar nemenda hafi tækifæri til að hafa áhrif ákvarðanatökur um málefni skólans og innra starf hans.

Auk ofangreindra stjórnenda er að finna innan skólans **kennslustjóra** sem sér einkum um sjálfsmatskerfi skólans en hefur að auki á sinni könnu samskipti við grunnskóla á svæðinu. **Fagstjórar** eru settir fyrir stærri bóklegar greinar, iðnám og sjúkraliðabraut og sjá þeir um faglegt samstarf og samráð milli kennara fagsins og samstarf við aðra skóla og/eða atvinnulíf eftir greinum.

**Foreldrafélag** var stofnað við skólann nú í haust og er enn sem komið er lítil reynsla komin á starfsemi þess.

**Skólanámskrá** Fjölbrautaskóla Suðurnesja er sett fram á heimasíðunni og er þar að finna bæði almennar upplýsingar um stefnu og hlutverk skólans svo og sértækari upplýsingar um einstaka námsáfangi.

**Upplýsingamiðlun.** Eins og þegar hefur komið fram er FS stór og flókinn skóli þar sem er að finna ólíka nemendahópa. Því reynir á að upplýsingaflæði innan skólans jafnt og frá skóla til nemenda og forráðamanna sé virkt. Áður hefur verið greint frá Andapóstinum sem er upplýsingarveita milli stjórnenda skólans og starfsmanna hans. Fundir milli ólíkra stjórnendahópa eru tíðir og gætt að því að í stjórnskipulagi skóla að tryggja upplýsingaflæði. Upplýsingafundir eru haldnir með nýnemum og foreldrum þeirra og kynningar á skólanum í grunnskólum sveitafélagsins eru fastur liður. Heimasíða skólans er til sérstakrar fyrirmyndar en þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólastarf og nám og kennslu svo og ýmislegt fræðsluefni fyrir nemendur.

### **Stjórnun – sýn starfsmanna**

Eins og sjá má að ofan er stjórnkerfi Fjölbrautaskóla Suðurnesja viðamikild en markmið og hlutverk ólíkra stjórnenda vel skilgreind og í sífelldri umræðu og endurskoðun. Margir starfsmenn í stjórnunarstörfum höfðu áður gengt öðrum stjórnunarstörfum og höfðu þannig skilning á verkefnum annarra stjórnenda og áttu gott samstarf sín á milli. Í viðræðum við kennara og nemendur kom fram ánægja með gott aðgengi að stjórnendum skólans sem virðast tilbúnir að taka á móti ábendingum og athugasemdum. Í viðtölum kom þó einnig fram að starfsmenn telja að tíð leyfi og fjarvera skólameistara valdi ákveðinni óvissu og skapi viss óþægindi en þar vegi á móti að settur skólameistari hafi alltaf verið til staðar og nái að skapa stöðuleika í skólastarfinu. Nemendur jafnt sem starfsfólk telja hann „klettinn“ í skólanum og eru óspör á jákvæð ummæli í hans garð.

### **3.4. Stoðþjónusta við nemendur**

Eins og fram hefur komið hér að ofan sækir Fjölbrautaskóla Suðurnesja breiður hópur nemenda og því mikilvægt að hægt sé að bjóða nemendum góðan stuðning við nám sitt.

Stuðningur við nám nemenda kemur á ýmsan hátt fram í skipulagi náms og kennslu (s.s. stoðtímum sjá síðar) svo og breiðu námsframboði hans. Um þessa þætti er rætt sérstaklega í kafla 3.5 um nám og kennslu.

**Námsráðgjafar** við FS hafa lengst af verið þrír en í vetur hafa tveir þeirra verið í fæðingarorlofi og einn sinnir hálfu starfi áfangastjóra á móti sínu starfi sem námsráðgjafi. Skólinn hefur ítrekað reynt að ráða námsráðgjafa til starfa í forföllum en ekki haft erindi sem erfiði. Ráðinn hefur verið starfsmaður, með BA próf í sálfræði, í hálfu stöðugildi. Í viðtali við námsráðgjafa koma fram áhyggjur hennar af stöðu mála og áhyggjur yfir því að á niðurskurðartíma verði erfitt að fá að ráða í lausu störfum til framtíðar. Námsráðgjafar hafa æði mörg verkefni á sinni könnu. Þeir sinna almennri ráðgjöf og lögð er áhersla á að nemendur geti hvenær sem er leitað sér upplýsinga og aðstoðar hvort heldur er um að ræða vegna vals á námi eða almennra erfiðleika tengda námi. Námsráðgjafi vinnur í samstarfi við kennara og uppfærir á Innu upplýsingar um nemendur sem vegna greininga á námsvanda þurfa sérúrræði. Þá hefur námsráðgjafi unnið mikið með teymi kennara sem kenna á almennum brautum svo og með kennurum fornáms. Foreldrar fornámsnemenda eru boðaðir í viðtöl til námsráðgjafa að vori til ráðgjafar og upplýsinga. Námsráðgjafi starfar einnig í samstarfi við umsjónarkennara þ.e. hún tekur saman upplýsingar um ákveðin málefni sem umsjónarkennurum er svo ætlað að ræða og vinna áfram með umsjónarnemendum sínum.

Vegna mannekleu segir námsráðgjafi að einungis sé hægt að sinna brýnustu ráðgjöf og að í vetur hafi ekki gefist tækifæri til að vera með almenna fræðslu líkt og fyrri ár.

Námsráðgjafar í FS hafa haldið námskeið um námstækni og prófkvíða og unnið með sérstök verkefni og nefna þar til sögunnar upplýsingabækling um einelti sem saminn var á síðasta ári. Á heimasíðu skólans er að finna góðar upplýsingar um þjónustu námsráðgjafa og ýmsar ábendingar og upplýsingaefni fyrir nemendur varðandi vinnulag, námsval og prófkvíða.

Að mati námsráðgjafans er eitt helsta verkefni hennar svo og skólans að halda vel utan um nemendur sem eru í brottfallshættu. Fylgst er vel með mætingum nemenda og leitað er ýmissa úrræða til að bregðast við brottfalli þótt þar sé við ramman reip að draga. Námsráðgjafi sinnir ekki greiningum á námsörðugleikum en þekkir vel til skólastarfs á grunnskólastigi í sveitarfélaginu og er í góðu sambandi við þá. Skólinn greiðir nokkra tíma hjá sálfræðiþjónustu fyrir þá nemendur sem þess óska.

**Hjúkrunarfræðingur** starfar við skólann 5 tíma á viku. Hún er með reglulega viðtalstíma virka daga og geta nemendur sótt til hennar aðstoð og ráðgjöf varðandi heilsutengd málefni og vellíðan. Talsvert er um að nemendur leiti til hjúkrunarfræðings og voru stjórnendur ánægðir með árangur af starfi hennar.

**Forvarnarfulltrúi** skólans vinnur með námsráðgjöfum og stjórnendum að skipulagi forvarnarstarfs, vinnur með nemendafélagi skólans og skipuleggur ýmis verkefni tengd forvörnum s.s. sérstaka forvarnarviku. Skólinn hefur sett sér skýra forvarnarstefnu sem finna má á heimsíðu skólans. Þar er einnig að finna eineltisáætlun skólans.

Í Fjölbautaskóla Suðurnesja eru allir kennarar með **umsjón** en þeirra hlutverk er að veita nemendum upplýsingar um áfangakerfið og nám og kennslu og aðstoða nemendur við námsval á fundum sem haldnir eru 4-5 sinnum á önn. Umsjónarkennurum nemenda yngri en 18 ára ber að hafa samband við foreldra ef nemendur stunda ekki nám eins og þeim ber. Nemendur sem eru eldri en 18 ára eru skráðir umsjónarnemendur námsráðgjafa.

Umsjónarkennurum er einnig ætlað að fjalla um ýmis mál á umsjónarfundum. Í viðtali við námskrággjafa kom fram að kennarar hefðu mismikinn áhuga á þessum hluta starfs síns og vegna eðlis áfangakerfis væru nemendur oft með nýja umsjónarkennara á hverri önn sem gerði erfiðara að fylgjast með námsframvindu og framförum hvers og eins.

Eins og fram hefur komið er brottfall og skróp eitt aðal áhyggjuefni þeirra sem sinna stoðþjónustu í skólanum. Því hefur innan skólans verið sett á laggirnar embætti

**mætingastjóra.** Hlutverk hans er að fylgjast með mætingum nemenda, ræða við þá nemendur sem virðast vera í brottfallshættu vegna slakrar skólasóknar auk þess hann vinnur í samstarfi við námsráðgjafa og skólastjórnendur að leysa úr málum nemenda sem ekki uppfylla skólasóknarreglur og gera sérstaka samninga við þá. Skólasóknarreglur skólans eru skýrar og ítarlegar og settar fram á heimasíðu hans.

**Móttaka erlendra nemenda.** Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sækja 22 nemendur af erlendum uppruna nám. Sérstakur umsjónarmaður úr röðum kennara hefur það hlutverk að taka á móti þeim nemendum í samræmi við skýra móttökuáætlun sem skólinn hefur sett sér og er öllum aðgengileg á heimsíðu hans. Nemendur af erlendu bergi brotnir eru boðaðir í viðtal við námsráðgjafa með forráðamönnum og fyrir þá er gerð einstaklingsnámskrá.

**Félagslífsfulltrúi** starfar við skólann nemendafélagi til stuðning og ráðuneytis (sjá kafla um 3.7. um nemendur)

### **3.5. Nám og kennsla**

#### **Fjölbreytt námsval fyrir breiðan hóp nemenda**

Fjölbrautaskóli Suðurnesja er áfangaskóli með afar fjölbreytt námsval enda er það meginmarkmið hans að þjóna mjög breiðum hópi sem eini framhaldsskólinn á þéttbýlu svæði (sjá yfirlit yfir námsbrautir í viðauka). Eitt af markmiðum skólans er að leggja sitt af mörkum til að hækka menntunarstigið á svæðinu. Það hefur því reynst stjórnendum skóla erfitt að geta ekki tekið á móti öllum þeim nemendum sem til skólans leita og þá sérstakleg eldri nemendum sem vegna þjóðfélagsástandsins eiga í fá hús að vernda.

Mikill metnaður er meðal starfsfólks að koma til móts við þennan fjölbreytta nemendahóp og nefnt var ítrekað af stjórnendum og kennurum að reynt væri að aðlaga námið að nemendum en ekki öfugt til að halda nemendum í skóla. Til að koma til móts við þá nemendur sem best gengur í bóknámi var nýlega sett upp “Hraðbrautarlína fyrir afburðanámsmenn” en eitt hlutverk skólans er að búa nemendur undir háskólanám.

Áður hefur verið nefnt að nemendur geta valið um fjölda lengri og styttri brauta og er þessi braut enn eitt merki um hvernig skólinn reynir að mæta breiddinni í nemendahópnum.

## **Kennsluhættir**

Innan tímaramma þessarar úttektar gafst ekki tækifæri til að sitja í kennslustundum en vettvangsathuganir voru gerðar í öllum deildum og sýndu að í skólanum fer fram mjög fjölbreytt nám og kennsla. Í hefðbundnum bóklegum tímum virtist kennsla með hefðbundnum hætti, nemendur í röðum og kennari upp við töflu en við sáum einnig dæmi um hópastarf og nemendur sem voru að leysa verkefni í tölvum bæði í verklegum og bóklegum tímum. Ekki skal lagður neinn dómur á kennsluhætti út frá þessum augnabliksmýndum.

Í skólanum hefur nýlega verið innleitt miðannarmat til að gefa nemendum endurgjöf á frammistöðu sína á miðju misseri. Matið er sett fram í Innu og gefið í einu orði en möguleiki fyrir kennara að bæta inn athugasemdum sem viðmælendur töldu þó lítið notaðan kost enda oft um stóra nemendahópa að ræða. Kennarar tölu miðannarmatið til bóta, það hefði áhrif á nemendur og héldi þeim betur við efnið

Á starfsbraut var víða einstaklingskennsla, maður á mann enda fötlun nemenda mismikil. Verklegt nám svo og starfsnám virðist blómlegt og nemendur mjög áhugasamir við verk sín og í viðræðum við verkmenntakennara kom fram mikið faglegt stolt en um leið áhyggjur vegna áhrifa efnahagskreppu á skólastarf m.a. möguleika nemenda á námsplássum.

Í viðtölum við kennara í bóklegum greinum komu ítrekað fram áhyggjur vegna lélegrar skólasóknar eða mætingar nemenda. En eins og áður sagði gefur verið ráðinn sérstakur mætingastjóri. Fram kom að lögð er mikil áhersla á að halda vel utan um nemendur í fornámi og á almennum brautum sem stór hluti nemenda fer á. Á þeim brautum hafa starfað saman teymi reyndra kennara í samstarfi við námsráðgjafa. Þá vekur athygli að boðið er upp á fimm ólíkar leiðir innan almennrar brautar og er það gert í þeirri von að aukin fjölbreytni fangi huga ólíkra nemenda og fleiri finni sér nám við hæfi.

## **Viðhorf nemenda til kennslu**

Nemendur sem rætt var við voru allir á bóknámsdeildum og í stjórn nemendafélagsins. Þeir töldu námið í skólanum ekki erfitt og að vinnuálag væri alls ekki mikið. Þeir sögðust yfirleitt aldrei læra heima nema að ef væri fyrir ákveðin próf eða ef þeir þyrftu að skila verkefnum en þó stundum nýta stoðtíma fyrir heimavinnu. Viðmælendur eru allir á seinni hluta og eflaust ekki hægt að alhæfa út frá þeirra upplifun en þeir bentu á að skólinn gerði almennt ekki mjög miklar námskröfur til nemenda. Nemendur voru almennt sáttir við kennara sína og



kennsluaðferðir þeirra. Þeir töldu að kennarar væru tillitssamir og „hægt að dýla við þá flesta“. Einn viðmælandi sagðist hafa lent hjá áhugalausum kennurum, metnaðarlausum og illa undirbúnum en slíkt væri undantekning. Í könnun á líðan nemenda vorið 2008 töldu um 85% nemenda kennsluna í skólanum vera mjög góða eða góða.

### **Stoðtímar**

Ein af þeim leiðum sem skólinn hefur farið til að styðja við nemendur eru stoðtímar. Þeir voru teknir upp 1987 en hafa tekið talsverðum breytingum síðan og eru í stöðugri endurskoðun. Í vetur eru stoðtímar á mánudögum til fimmtudaga kl. 11:10-11:50 í 40 mínútur í senn. Á þeim tíma er hefðbundin kennsla lögð niður en kennarar eru í stofunum nemendum til aðstoðar. Síðustu ár hafa t.d. verið gerðar tilraunir til að færa stoðtíma til á deginum og í vetur hafa verið gerðar markvissar skráningar á þátttöku nemenda til að kanna raunverulega notkun nemenda á þessari þjónustu. Viðmælandur okkar úr hópi kennara voru ekki á einu máli um gæði stoðtíma og töldu þá nýtast misvel eftir því um hvaða námsgrein væri að ræða. Stundatöflur stoðtíma eru birtar svo að nemendur vita glöggt hverju sinni hvar ákveðna kennara er að finna. Í verkgreinum er ekki gert hlé á kennslu vegna stoðtíma en þeir nemendur sem þess óska geta sótt stoðtíma.

Í stoðtímum geta nemendur leitað til kennara í greinum sem þeir telja sig standa laklega í eða þurfa sérstaka aðstoð. Fram kom að það er mjög misjafnt hvernig nemendur nýta þessa tíma en mest er sótt í stoðtíma í stærðfræði og er alltaf „fullt út úr dyrum“ þar. Vert er að hafa í huga að ef nemendur sækja ekki þessa tíma fá þeir í raun ekki það kennslumagn sem þeim ber samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Á fimmtudagseftirmiðdögum er einnig boðið upp á próf fyrir nemendur sem af einhverjum ástæðum hafa misst af prófum í tíma og situr þá starfsfólk á skrifstofu yfir. Þetta fyrirkomulag virðist hafa gefist vel.

Nemendur sem rétt var við voru mjög sáttir við stoðtímana og töldu þá mikilvæga og gefa þeim tækifæri til að leita til fagkennara með vandamál í námi t.d. eitthvað sem þeir hefðu ekki skilið í sjálfum kennslustundunum. Viðmælandur sögðust sækja stoðtíma á hverjum degi þegar líða tæki á önnina en héldu að það ætti fyrst og fremst við eldri nemendur. Þau töldu að nemendur á fyrsta og öðru ári nýttu sér almennt stoðtíma mun verr bæði af því þeir nemendur hefði ekki áttað sig á mikilvægi þeirra en einnig af því áfangar og verkefni yrðu erfiðari eftir því sem á liði á námið.

### 3.6. Skólaþróun

Mikil gerjun er í skólanum í sambandi við námsval og mikið virðist gert til að höfða sem best til þess breiða nemendahóps sem skólann sækir. Sem dæmi má nefna hraðbraut fyrir sterkustu nemendur sem nýlega var sett á fót. Einnig má nefna nýjar stuttar námsbrautir sem hafa verið skipulagðir og kynntar í menntamálaráðuneyti til samþykktar svo sem Löggæslu- og björgunarbraut. Aðspurðir segja kennarar að fornámið og almenna brautin hafi verið með stöðug þróunarverkefni í gangi og að skólinn sækir um þróunarstyrk á hverju ári en fái þó ekki alltaf. Nýjasta dæmið er að skólin sótti um styrk til að hefja starfendarannsóknir á síðasta ári en var synjað. Hluti verkgreinakennara tekur þátt í vettvangsnámi á vegum Endurmenntunarnefndar framhaldsskóla og telur viðmælandi okkar slíkt nám mjög mikilvægt fyrir starfsþróun. Minna fer fyrir dæmum í bóknámi um þróun kennsluhátta og námsmats en þó bent á ýmsar tilraunir til að samþætta áfanga bæði innan raungreina svo og með milli bóknáms og listnáms og milli sögu og íslensku. Þá hafa kennarar verið ötulir við að útbúa nýtt námsefni t.d. í ensku. Kennarar hafa einnig verið virkir þátttakendur í ýmsum Evrópuverkefnum og samskiptaverkefnum erlendis og fá tækifæri til að kynna slík verkefni fyrir samkennurum sínum bæði á sviðsfundum og kennarafundum þótt þeir segi jafnframt að skólastjórnendur fylgist almennt lítið með framvindu slíkra verkefna.

Kynningar og faglegar umræður fara einkum fram á kennarafundum, fagfundum og sviðsfundum en gert er ráð fyrir tveimur föstum fundum í viku hverri. Í byrjun skólaannar hefur verið boðið upp á almenn fræðsluerindi fyrir alla starfsmenn.

Í skólanum hefur verið markvisst unnið að undirbúningi nýrrar námskrár síðustu misseri og á meðan að úttekt stóð var boðað til vinnudags með kennurum samstarfskólanna á Vesturlandi (FV) og Suðurlandi (FSu) þar sem sjónum var beitt að námskrárgerðinni og samræmingu hennar á milli skólanna.

Þrátt fyrir ágæt dæmi um skólaþróunarverkefni telja sumir viðmælenda að of lítið sé um faglega umræðu meðal kennara. Það viðhorf var staðfest í könnun á líðan kennara vorið 2009 þar sem tæp 30% kennara töldu að faglega umræðu mætti styrkja. Tillögur sjálfsmatsnefndar við þeirri niðurstöðu er að skipuleggja efni fagfunda markvissar og taka upp s.k. kaffihúsafundi þar sem kennarar ræða í ólíkum hópum ýmis fagleg málefni. Slíkir fundir hafa verið reyndir og kennarar verið ánægðir með þátttöku sína þar.

Enga símenntunaráætlun er að finna í skólanum en kennarar segjast finna fyrir auknum skilningi stjórnenda á þörfum þeirra fyrir endurmenntun og stjórnendur benda á að þeir kennarar sem sækja endurmenntun séu studdir til þess m.a. með því að gefa þeim nauðsynleg frí og greiða forfallakennslu. Kennurum sem sótt hafa endurmenntun er umbunað sérstaklega í punktakerfi sem leitt getur til launaflokkshækkunar.

Kennarar sem rætt var við telja að starfmenn séu almennt mjög jákvæðir fyrir öllum breytingum og tilbúnir að reyna nýjar leiðir séu þeir hvattir til þess. Kennarar úr hópi yngri kennara töldu að efla mætti verulega þróunarstarf og faglega umræðu en eldri kennarar voru sáttari við núverandi stöðu.

### **3.7. Innra mat á gæðum skóla**

#### **Sjálfsmat**

Samkvæmt 41. grein framhaldsskólalaga eiga framhaldsskólar að meta árangur og gæði skólastarfs með kerfisbundnum hætti. Segja má að Fjölbrautaskóli Suðurnesja standi myndarlega að slíku sjálfmati. Í skólanum er sjálfsmatsnefnd sem skipuð er fjórum kennurum, einum frá hverju sviði auk skólameistara. Þar er unnið eftir svokölluðum matshring sem nefndin leggur upp með sem áætlun um mat og er sá hringur í stöðugri endurskoðun. Föst atriði sem alltaf eru metin eru kennslumat, kennarakönnun, störf stjórnenda, og annarra starfsmanna. Aðrir þættir eru metnir eftir þörfum s.s. viðhorf nemenda til mötuneytis eða notkun þeirra á Innu. Stundum er vandamál hve lítil þátttaka er í könnunum.

Skólinn hefur einnig gert kannanir í samstarfi við samstarfsskólana tvo Fjölbrautarskóla Vesturlands og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þá hefur öðru hvoru verið gerð úttekt á prófum og einkunnum og áreiðanleika þeirra og niðurstöður bornar saman eftir námsbrautum sem er lofsvert.

#### **Kennarakönnun**

Fjórðungur kennara er metinn af nemendum í kennarakönnun á hverju misseri og er þeirri könnun fylgt eftir með starfsmannaviðtölum hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Fyrir viðtal skrifa kennarar sjálfsmatsskýrslu sem rædd er í viðtali ásamt niðurstöðum kannana. Ef kennari kemur illa út úr könnun getur hann farið fram á að vera metinn aftur á næstu önn. Í viðtölum kom fram að í fyrstu hefði kennurum staðinn svolítill beygur af þessu fyrirkomulagi en nú væri það orðið öllum kennurum mikilvægur liður í starfsþróun. Enginn kennslufræðilegur stuðningur er fyrir hendi enda ekki mannaflí til sinna slíku verki að mati viðmælenda.

Kennarar vinna sér inn ákveðna punkta í umbunarkerfi sem leitt getur til launahækkunar. Þeir safna sér punktum t.d. með þátttöku í endurmenntun, ráðstefnum og út frá niðurstöðum mats í kennarakönnun. Stjórnendur líta á umbunarkerfið sem stuðning við frekari endurmenntun kennara og viðurkenningu á henni. Jafnánægðir og kennarar virtust vera með kennslukönnun og eftirfylgni hennar voru þeir ekki eins sáttir við punktakerfið og töldu það geta alið á samanburði og óánægju á milli kennara. Þá var bent á að ekki bjóðast sömu möguleikar á endurmenntun fyrir kennara úr ólíkum greinum.

### **Úrvinnsla og endurbætur**

Sjálfsmatshópurinn vinnur úr matskönnunum og skrifar greinagóðar skýrslur eftir hverja könnun sem starfsmenn hafa aðgang að. Þar eru settar fram tillögur um umbætur. Í viðtali við sjálfsmatshópinn kom fram að misjafnlega gengi að fylgja niðurstöðum eftir og stundum væri slíkt ekki hægt t.d. vegna skorts á fjármagni. Sjálfsmatsnefndin telur að einstakir meðlimir hennar og hún sem slík (fyrir utan skólameistara) hafi ekki umboð til að fylgja niðurstöðum eftir að hennar mati vantar meiri eftirfylgni.

Þrátt fyrir miklar og stöðugar úttektir sem eru lofsverðar viljum við þó benda á að sjálfsmatið er nokkuð einhæft og fyrst og fremst kannanir í formi spurningalista. Þróa mætti fleiri aðferðir við mat sem aflaði fjölbreyttari upplýsinga. Þá er mikilvægt að fylgja enn betur eftir þeim úrbótatillögum sem settar eru fram af sjálfsmatsnefndinni og kanna reglulega hvort og þá að hvaða marki þær leiða til raunverulegra breytinga á skólastarfi.

### **Móttaka nýrra kennara**

Samkvæmt könnun á móttöku nýrra kennara er vel tekið á móti nýjum kennurum og var það viðhorf staðfest í viðtali við kennara. Í kjölfar fyrri könnunar á sama viðfangsefni var útbúinn gátlisti sem sviðsstórar eiga að nýta þegar tekið er á móti nýjum kennurum. Skólinn hefur að auki útbúið handbók fyrir (nýja) kennara sem er mjög ítarleg og gefur greinagóðar upplýsingar um eitt og annað sem kennarar þurfa að þekkja og vita um starfsemi skólans og reglur. Fram kemur þó í könnun að ekki allir nýta sér hana sem skyldi.

Nýir kennarar segja kynningu á skólastarfinu góða en hins vegar þyrfti að fylgja slíkri kynningu eftir með frekari stuðningi enda sé mikið af upplýsingum að taka inn í byrjun. Ekki kemur fram að um kennslufræðilegan stuðning sé að ræða. Í drögum að nýjum skólasamningi er stefnt að því að bjóða nýjum kennurum að sitja tíma hjá öðrum kennurum og fá kennara í heimsókn til sín í kennslustund sem er mjög æskilegt.

### **3.8. Nemendur**

#### **Fjöldi nemenda og brottfall**

Undanfarin ár hafa um 1000 nemendur stundað nám í skólanum auk 150-200 nemenda í kvöldskóla. Þá hafa 150-200 nemendur grunnskólanna á svæðinu stundað nám í einstökum áföngum. Nú í maí brautskráðust frá skólanum 87 nemendur þar af 57 stúdentar, 11 úr verknámi, 7 sjúkraliðar, 9 af starfsbraut, 1 í meistaranámi og annar í starfsnámi.

Fram hefur komið hér að ofan að innan skólans hafa stjórnendur og starfsmenn áhyggjur af þeim nemendum sem hverfa frá skóla og leitað er ýmissa leiða til að halda þeim að námi (sjá kafla 3.5 um nám og kennslu). Þrátt fyrir ötular tilraunir eru stjórnendur ósáttur við hátt brottfall nemenda sem þeir telja að sé í kringum 8%. Þá er stór hópur nemenda sem hefur verið lengi í skólanum án þess að ljúka formlegu prófi.

Í vetur hefur skólin í samstarfi við Vinnumálastofnun boðið upp á nám fyrir ungt atvinnulaust fólk. Skólastjórnendum er mjög annt um að bjóða upp á nám fyrir þá nemendur sem hrakist hafa úr námi og vilja koma aftur og nefna kvöldskólann sem dæmi um slík úrræði (sjá um kvöldskólann í kafla 3.1).

#### **Viðhorf nemenda til skólans**

Rætt var við fulltrúa úr stjórn nemendafélags skólans sem allir eru á síðari námsárum eins og fyrir er getið. Þeir höfðu mjög jákvætt viðhorf til skólans og töldu hann góðan og mikilvægan fyrir samfélagið. Þeir sögðu það skipta miklu máli að hafa góðan framhaldsskóla á svæðinu. Styrk skólans töldu nemendur felast í breiðu námsframboði og að innan hans gætu allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Þeir töldu að fjölbreytni í námsframboði hefði aukist mikið síðustu árin og væri nú mun meiri en þegar að þeir sjálfir hófu nám. Þeim fannst jákvætt að hægt væri að velja námskeið í verk- og listgreinum þótt þeir væru á bóknámsbraut. Nemendur töldu það kost að nemendur gætu tekið námið hver á sínum hraða og töldu að það væri mikill sveigjanleiki í skólastarfinu.

Nemendahópurinn skólans er mjög fjölbreyttur sem fulltrúar nemenda töldu skólanum til tekna og töluðu sérstaklega um starfsbrautina í því samhengi. Einn fulltrúi átti erfitt með að ímynda sér að til væru skólar þar sem ekki væri að finna ólíka nemendahópa eins og t.d. fatlaða nemendur. Nemendur bentu þó á að innan skólans væri að finna nemendur af erlendum uppruna sem illa samlöguðust hópnum sem heild og héldu sig sér og slíkt átti líka við hópa frá ólíkum bæjarfélögum innan sveitarfélagsins.

Nemendur voru mjög sáttir við félagslífið í skólanum (enda viðmælendur ábyrgir fyrir stjórnun þess) og töldu það hafa eflst mjög síðari ár. Skólinn á sér margar hefðir sem haldnar eru í heiðri s.s. göngudaga, þemadaga og starfshlaup sem stóð einmitt yfir þegar úttekt var gerð. Þar fara útskriftarnemar fyrir liðum nemenda og keppa í hefðbundnum kennslugreinum sem og ýmsum óhefðbundnum þrautum sem skipulagðar eru af nemendum og kennurum í sameiningu. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og sögðu að oftast væri hlustað á óskir nemenda. Þeir hafa félagslífsfulltrúa sér til stuðnings en stundum fyndist þeim stjórnendur vera „heldur mikið á bremsunni“ þegar nemendur fengju góðar hugmyndir að þeirra mati. Félagslíf er annars líflegt og góð þátttaka í viðburðum. Þá gefa nemendur út glæsilegt skólابلað, Viskustykkið, á hverri önn og útbúa þætti úr skólalífínu.

Almennt voru þeir nemendur sem rætt var við ánægðir með kennsluna þó þeir gætu nefnt einstakar undantekningar frá því. Þeir sögðu þó vinnuálag í námi ekki mikið. Þeir töldu kennsluáferðir fjölbreyttar en voru sammála um að þeir vildu minnka vægi lokaprófa og auka símat. Þeir töldu stöðtímana vera af hinu góða en þeir væru þó mjög misjafnlega vel sóttir. Skólinn gæfi fjölbreyttum nemendahópi fjölbreytt tækifæri til náms. Bóklega sterkir nemendur gætu þó þurft að bíða eftir hinum af því það er svo misjafn hraði á nemendum en þó væri til sérbraut fyrir þá sem vilja fara hratt og taka námið á þremur árum.

Það sem þeir telja að þurfi helst að bæta eru mætingarreglur. Þær séu of „slappar“, og allt of auðvelt væri fyrir nemendur að skrópa úr skóla. Þrátt fyrir skýrar skólasóknarreglur væri of auðvelt að fá vottorð og oft dygði að mæta á skrifstofu skólans og biðja um leyfi vegna veikinda.

Nemendurnir sem rætt var við höfðu allir átt eldri systkini sem sótt höfðu nám í skólanum og töldu það hafa stutt við þá ákvörðun sína að sækja skólann. Þau bentu þó á að þetta væri þeirra skóli í þeirra bæ og því vildu þau fremur stunda þar nám en annars staðar enda kostur að þurfa ekki að keyra langt í skóla. Félagar þeirra sem farið hefðu annað væru annað hvort að leita í bekkjarskóla sem taldir væri sterkari eða í sérnám af einhverju tagi. Nemendafulltrúar töldu orðspor skólans hafa batnað mikið síðustu árin.

### **3.9. Kennarar og starfsfólk**

Í vetur starfa við skólann 74 kennarar í 64 stöðugildum. Eins og fram hefur komið áður eru langflestir þeirra með viðurkennd réttindi til kennslu. Kennara án réttinda er helst að finna

innan verknáms en hluti kennara þar sækir þó kennsluréttindanám og fá stuðning til þess af skólastjórnendum.

Önnur fagstörf eru mönnuð fólki með fagmenntun s.s. þroskaþjálfar og sérkennarar.

Lítill starfsmannaveita er við skólann og þar er að finna starfsfólk sem hefur starfað við skólann frá stofnun hans. Hins vegar er erfitt að fá til starfa stundakennara og kenna stjórnendur um fjarlægð skólans frá höfuðborginni.

Innan skólans eru kennarar sem eru mjög áhugasamir um starfsþróun sína og skólaþróun og unnið er að mörgum áhugaverðum verkefnum á sviði skólaþróunar. Hins vegar kemur fram að faglega umræðu mætti styrkja enn frekar og nýta fagfundi og sviðsfundi betur í þeim efnum.

Kennarar sem rætt var við voru mjög sáttir við skólann sem vinnustað og þann anda sem þar virðist ríkja. Þeir bentu á að kennarahópurinn væri fjölbreyttur og að með tilkomu nýrrar kennarastofu ættu fleiri kennarar kost á að hittast óformlega þar. Kennarar voru nokkuð sáttir við vinnuaðstæður sínar og viðhorf til stjórnenda skólans voru mjög jákvæð.

### **3.10. Samskipti og skólabragur**

Í viðtölum við ólíka hópa innan Fjölbautaskóla Suðurnesja kemur ítrekað fram að þægileg samskipti og góður andi er það sem starfsfólki og nemendum finnst vera styrkur skólans. Innan skólans þarf að vera pláss fyrir fjölbreyttan hóp nemenda og kennara og það er hugað vel að þeirri þörf. Nemendur sem rætt var við sögðu frá vel heppnuðum tilraunum til að blanda saman fötluðum og ófötluðum nemendum í félagslífi skólans og kennarar og skólastjórnendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að ólíkir nemendur hefðu tækifæri til að umgangast og starfa saman. Þessi aðlögun virtist þó ekki hafa náð eins vel til nemenda af erlendum uppruna sem voru sagðir halda sig sér og lítið vilja taka þátt í félagslífi annarra nemenda. Jafnframt var talað um það að þrátt fyrir ákveðna viðleitni hefði ekki tekist að uppræta flokkadrætti nemenda eftir búsetu og enn væru í matsal að finna sérstök „Grindvíkingaborð“ eða „Sandgerðisborð“ þar sem „Keflvíkingar“ settust aldrei.

Góð líðan nemenda hefur verið staðfest í sjálfsmatskönnunum þar sem um 93% nemenda segist líða vel í skólanum. Skólastjórnendur, kennarar og nemendur þekktu fá dæmi um einelti meðal nemenda en námsráðgjafa fannst fleiri nemendur leita til hennar vegna þunglyndis og þá frekar drengir en stúlkur og vildi fyrst og fremst tengja það samfélagsaðstæðum.

Meðal kennara var ítrekað rætt um góðan anda, skemmtilegt félagslíf og hversu vel væri tekið á móti nýjum kennurum. Í nýlegri könnun á líðan kennara kemur fram að um 90% kennara telja skólann mjög góðan eða góðan félagslegan vinnustað.

Þá bar bæði kennurum og nemendum saman um hversu þægilegt og úrræðagott starfsfólk væri að finna innan skólans s.s. á skrifstofu hans og á bókasafni.

Kennarar jafnt sem nemendur telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð að þeir eigi auðveldan aðgang að þeim. Nemendur segja auðvelt að leita til kennara jafnt í stoðtímum sem utan þeirra.

### **3.11. Styrkur FS og það sem betur má fara**

Við mat á Fjölbrautaskóla Suðurnesja voru eftirfarandi spurningar lagðar til grundvallar:

- Starfar skólinn innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla?
- Hvað einkennir einkum stjórnun skólans?
- Hvað einkennir samstarf og samskipti innan skólans svo og skólans og nærsamfélags hans?
- Hvað einkennir náms- og kennsluhætti innan skólans þar með talið námsmat?
- Hver eru viðhorf stjórnenda, kennara og nemenda til skólastarfs og gæða þess?
- Hvaða leiðir eru farnar til að stuðla að umbótum og skólaþróun?

Að auki var litið til stefnu skólans og framtíðarsýnar eins og hún er sett fram á heimsíðu hans.

Hér á eftir verðir gerð grein fyrir mati á styrk skólans og því sem betur færi í starfsemi hans.

#### **Styrkur skólans**

- Fjölbrautaskóli Suðurnesja starfar innan gildandi laga og reglugerða um framhaldsskóla og gerir í skólanámskrá og á heimasíðu sinni skýra grein fyrir starfsemi sinni.
- Stjórnun skólans er mjög skilvirk og samband og samskipti milli núverandi skólastjórnenda, kennara og nemenda eru afar góð. Leitað er fjölbreyttra leiða til styrkja upplýsingaflæði á milli stjórnenda, starfsmanna skólans, nemenda og forráðamanna þar sem það á við. Sérstök ánægja ríkir með störf setts skólameistara.
- Skólinn er mjög meðvitaður um það hlutverk sitt að þjóna þörfum nærsamfélagsins og hafa áhrif á menntunarstig þess. Starfsfólk þar er í góðu samstarfi við grunnskóla sveitarfélagsins svo og stofnanir og atvinnufyrirtæki í nærsamfélaginu.



- Nemendum og starfsmönnum líður vel í skólanum og segja samskipti vera góð. Einelti er talið lítið, félagslíf nemenda er blómlegt og leitast er við að virkja sem flesta nemendahópa. Kennarar sjá skólann sem góðan vinnustað og starfsmannavelta er mjög lítil. Viðhorf starfsmanna og nemenda til skólans er mjög jákvætt.
- Einn meginstyrkur skólans er hversu mikið hann leggur sig fram að koma á móts við þarfir breiðs nemendahóps. Þetta sést í fjölbreyttu námsframboði skólans, í stuðningi við ólíka nemendahópa, sterkri stoðþjónustu svo og viðhorfum stjórnenda og starfsmanna til nemenda og þeirra þarfa. Stærð skólans gerir það kleift að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem flestir nemendur ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Í öllum deildum skólans starfar fagfólk (framhaldsskólakennarar, sérkennarar, námsráðgjafar, þroskaþjálfar) og langstærstur hópur kennara er með viðurkennd starfsréttindi eða í réttindanámi.
- Lagt er reglubundið mat á nám og kennslu við skólann og innleitt hefur verið miðannarmat.
- Mat skólans á innra starfi er reglubundið, metnaðarfullt og mjög vel skipulagt. Könnunum á kennslu er fylgt vel eftir með viðtölum.
- Innan skólans er unnið að ýmsum skólaþróunarverkefnum og unnið er að nýjum námskrám í samstarfi við aðra framhaldsskóla.
- Skólahúsnæði er nýlega endurnýjað og er aðstaða hin ágætasta. Tækjabúnaður til kennslu er mjög góður jafnt í verknámi sem bóklegum greinum þar sem þess er þörf. Mötuneyti og önnur aðstaða fyrir nemendur og kennara er góð þó félagsaðstaða nemenda sé þegar orðin of lítil fyrir þann hóp sem hana nýtir.

#### **Það sem betur má fara**

- Þrátt fyrir mikla viðleitni til að bjóða upp á fjölbreytilegt nám og ýmsar tilraunir til að halda nemendum að námi er brottfall nemenda enn verulegt og stjórnendum áhyggjuefni.
- Skólasóknarreglur eru skýrar en þeim er ekki fylgt eftir sem skyldi og gera þarf auknar kröfur til nemenda í þeim efnum þó þannig að verði ekki til þess að auka brottfall nemenda úr skólanum. Hugsanlega mætti styrkja umsjónarkennarakerfi enn frekar til að taka á þessum vanda.
- Þrátt fyrir metnaðarfullt sjálfsmat vantar að mati kennara enn betri eftirfylgni með niðurstöðum kannana og endurmat á árangri auk þess sem beita mætti fjölbreyttari aðferðum við matið.

- Efla má enn frekar faglega umræðu meðal starfsmanna og markvissa þróun kennsluhátta. Efla þarf faglega forystu í kennsluþróun og styðja betur við kennara sem hafa hug á að spreyta sig á nýjungum.
- Ýta þarf undir fjölbreytt námsmat í námsáföngum.
- Gæta þarf þess að nýir kennarar og kennarar sem ekki koma vel út úr mati eigi kost á kennslufræðilegum stuðningi.

### **Lokaorð**

Eins og sjá má að ofansögðu hefur Fjölbrautaskóli Suðurnesja margt sér til ágætis. Starfsfólki og stjórnendum skóla er annt um að sinna sem best þörfum þess samfélags sem að skólanum stendur. Námsframboð skólans er fjölbreytt og metnaðarfullt og stöðugt er leitað leiða til að bjóða upp á nám sem tekur mið af þörfum nemenda og atvinnulífs á svæðinu. Starfsfólki er umhugað um nemendur, vill styðja við þá og leitast við að veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa. Stjórnun skólans er styrk og starfsfólk og nemendur telja samskipti til fyrirmyndar. Breidd skólans gerir miklar kröfur til stjórnenda og starfsmanna og mikill kraftur og orka virðist nýttur til að koma til móts við breiðan nemendahóp og sporna við brottfalli nemenda í áhættuhópum. Æskilegt væri að setja upp skýra stefnu um þróunarstarf og símenntun kennara.

Guðrún Geirsdóttir

Hafdís Ingvarsdóttir

---

## **Viðauki 1: Námbrautir við Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

### **Bóknám til stúdentsprófs**

Félagsfræðabraut (FÉ) 140 ein.

Málabraut (MB) 140 ein.

Náttúrufræðibraut (NÁ) 140 ein.

Viðskipta- og hagfræðibraut (VH) 140 ein.

Hraðferðarlína fyrir afburðanámsmenn

### **Annað bóknám**

Almenn braut - bóknámslína (AN1-BÓK)

Almenn braut - tölvulína (AN1-TÖL)

Almenn braut - verknámslína (AN1-VERK)

Almenn braut - listnámslína (AN1-LIS)

Almenn braut - íþrótt- og heilbrigðislína (AN1-ÍÞR)

Almenn braut/fornám (AN2)

Almenn braut - eldri braut (AB) 28/24 ein. Ekki er lengur hægt að skrá sig á brautina.

Starfsbraut (ST) 140 ein.

### **Starfsnám**

Ferðabjónustubraut - 1. stig (FPB1) 36 ein.

Ferðabjónustubraut - 2. stig (FPB2) 37 ein.

Grunnnám þjónustugreina (GP) 58 ein. Nemendur velja svo annað hvort:

a) Skrifstofubraut (SB) 22 ein.

b) Verslunarbraut (VE) 22 ein.

Íþróttabraut (ÍÞ) 75 ein.

Listnámsbraut (LN) 105 ein.

Löggæslu- og björgunarbraut (LOB) 70-73 ein.

Sjúkraliðabraut (SJ) 120 ein.

Skólaliðabraut (SK) 36 ein. Nemendur velja svo annað hvort:

a) Braut fyrir leiðbeinendur í leikskólum (LL) 71 ein.

b) Braut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum (SG) 73 ein.

Tölvufræðibraut (TFB) 118 ein.

### **Verknám**

Grunnnám bíliðngreina = Nemendur velja grunnnám mál- og véltæknigreina (GMV).

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM) 21 ein.

Grunnnám mál- og véltæknigreina (GMV). Nemendur velja svo:

a) Grunnnám málmíðngreina - 2009 (MG) 79 ein.

b) Vélstjórnarnám

i) Vélstjórnarnám A ii) Vélstjórnarnám B

c) Bíliðngreinar - framhald (ekki kennt hér).

Grunnnám málmíðngreina - eldri braut (MG) 77 ein.

Grunnnám rafiðna - 2009 (GR) 80 ein.

Grunnnám rafiðna - 2005 (GR) 80 ein.

Hársnyrtiiðn (HG8) 168 ein. Aðeins 1. ár brautarinnar er kennt hér.

Húsasmíðabraut (HÚ8) 172 ein.

Netagerð (NG9) 48 ein. Vefur netagerðardeildar

Rafvirkjun - 2005 (RK8) 164 ein.

### **Meistaránám**

Meistaránám, almennt 26-73 ein.

Meistarnám húsasmíði 68 ein.

Meistaránám rafiðngreina 56 ein.